



IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
150 Reykjavík.

Dagsetning
15. janúar 1996

Málsnúmer / Bréfalykill

95030132
52.010; 10.202

Alþingi

*Erindi nr. Þ 120/673
komudagur 16/1 1996*

Ráðuneytið framsendir hjálagt bréf formanns stjórnar í Tryggingarsjóði viðskiptabanka ásamt drögum að fundargerð í stjórn sjóðsins þar sem koma fram nokkrar athugasemdir við frumvarp til laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

F. h. r.

Tryggingarsjóður viðskiptabanka

23. nóvember 1995

Til viðskiptaráðherra, Finns Ingólfssonar,
Viðskiptaráðuneytinu,
Arnarhvoli
150 Reykjavík

Stjórn Tryggingarsjóðs viðskiptabanka hefur haft til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði. Í frumvarpinu er að finna breytingar á ákvæðum um Tryggingarsjóð viðskiptabanka og Tryggingarsjóð sparisjóða.

Við umfjöllun málsins á fundi stjórnar Tryggingarsjóðs viðskiptabanka 22. nóvember 1995, komu fram nokkrar athugasemdir við frumvarpið. Meðfylgjandi er afrit af drögum að fundargerð þessa fundar þar sem efni athugasemdanna kemur fram.

Virðingarfyllt,
f.h. Tryggingarsjóðs viðskiptabanka



FSKJ.

52 010 Löndur- og viðskiptaráðuneytið				
B. lyk.	10.202	Abm.	Rh. - PH	Fsk.
Mótt.	23. 11. 95	Afrit.		Tilv.
Sv. fr.		Grisj.		Tilv.
Afgr.	95030132	Athns:		

Tryggingarsjóður viðskiptabanka

DRÖG

23. nóvember 1995
Ingvar A. Sigfússon

39. fundur

Fundurinn var haldinn 22. nóvember 1995 kl. 10.00 í Seðlabanka Íslands, fundarherbergi 521. Mættir voru stjórnarmenn Þorkell Helgason, Eiríkur Guðnason, Stefán Pálsson, Valur Valsson, Ólafur Örn Ingólfsson og Þórður Ólafsson. Þórhallur Arason komst ekki. Auk þess mætti á fundinn Ingvar Sigfússon sem ritar fundargerð og Páll Gunnar Pálsson starfsmaður viðskiptaráðuneytisins.

Á dagskrá fundarins var 1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði. 2. Önnur mál.

1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði. Þorkell Helgason skýrði frá því að frumvarpsdrögin hefðu verið kynnt í ríkisstjórn. Farið var yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpsdrögunum frá því að þau voru síðast til meðferðar í stjórninni.

Stjórnarmenn gerðu eftirfarandi athugasemdir frumvarpið:

a. Í síðustu málsgrein 79. greinar þyrfti að orða skýrar hvenær ný stofnun, sem kemur til sögunnar þegar aðrar stofnanir eru að greiða skv. 2. mgr., á að greiða á sama hátt og aðrar

b. Í 82. grein komi ekki fram ákveðin upphæð sem Tryggingarsjóður sparisjóða greiði við sameininguna heldur verði reiknað út hver upphæðin ætti að vera á þeim degi sem sameiningin á sér stað. Til að fyllsta jafnræðis sé gætt verði upphæðin í samræmi við hlutfall eigna Tryggingarsjóðs viðskiptabanka af tryggðum innstæðum viðskiptabanka þann dag sem sjóðirnir verða sameinaðir. Hinn 31.12 1994 nam þetta hlutfall 1,19% af tryggðum innstæðum viðskiptabankanna.

c. Óeðlilegt má telja að þeir aðilar sem standa að baki 80% inngreiðslna í sjóðinn hafi aðeins einn fulltrúa af fjórum í stjórn sjóðsins.

d. Stjórn Tryggingarsjóðs viðskiptabanka telur ekki rétt að áfram verði til sjóður með nafni Tryggingarsjóðs sparisjóða. Sá hluti starfsemi Tryggingarsjóðs sparisjóða sem eftir verður, þarf nýtt nafn. Engin þörf er á því að ákvæði um þann sjóð séu í þessum lögum. Þá raska ákvæði 82. greinar, er fjalla um að Tryggingarsjóður sparisjóða skuli vera undanþeginn tekju- og eignaskatti samkeppnisgrunni viðskiptabanka og sparisjóða og gera að engu slíkan ávinning sem að sameiningunni hlytist.

Formaður sagðist ekki taka afstöðu til þessara athugasemda en sagðist koma þeim á framfæri við ráðherra og þingnefnd.

Fleira gerðist ekki.

Vinsamlega komið athugasemdum til

Ingvars Sigfússonar
fax 699603